Reykjavík



Samvinnurekstur og framtíð

Þjóðmálanefnd Sambands ungra framsóknarmanna heldur umræðufund um viðfangsefnið „Samvinnuhreyfingin og framtíðin" miðvikudaginn 18. mars 1987 kl. 20.00 í Nóatúni 21.
Framsögumenn verða:
Finnbogi Alfreðsson, framkvæmdastjóri – Samvinnufélögin og sjávarútvegurinn.
Jónas Guðmundsson, hagfræðingur – Samvinnufélög – lifandi valkostur?
Sigurður Jónsson, verslunarráðgjafi – Samvinnuverslunin.
Á eftir mun Bolli Héðinsson stýra pallborðsumræðum.
Nánar auglýst síðar.

SUF

Reykvíkingar



Guðmundur G. Þórarinsson verður til viðtals miðvikudaginn 18. mars n.k. kl. 10.00-12.00.
Verið velkomin.

Framsóknarfélögin í Reykjavík

Reykvíkingar



Finnur Ingólfsson verður til viðtals föstudaginn 20. mars n.k. kl. 10.00-12.00.
Verið velkomin.

Framsóknarfélögin í Reykjavík

Norðurland vestra



Norðurland vestra

Páll, Stefán, Elín og Sverrir boða til fundar sem hér segir:
Mánudaginn 23. mars kl. 13.30, Félagsheimilinu Ásgarði.
kl. 16.30, Félagsheimilinu Héðinsminni.
Þriðjudaginn 24. mars kl. 13.30, Félagsheimili Skeflingsstaðahrepps.
kl. 20.30, Félagsheimilinu Rípurhreppi.
Miðvikudaginn 25. mars kl. 13.30, Félagsheimilinu Flóðvangi.
kl. 20.30, Hótel Varmahlíð.
Fimmtudaginn 26. mars kl. 15.00, Grunnskólanum Sólgörðum.
kl. 20.30, Grunnskólanum Hólum.
Föstudaginn 27. mars kl. 13.30, Félagsheimilinu Húnaveri.
kl. 16.30, Húnavöllum.
Laugardaginn 28. mars kl. 15.00, Félagsheimilinu Skagaströnd.
Sunnudaginn 29. mars kl. 15.00, Laugarbakka Miðfirði.
Þriðjudaginn 31. mars kl. 17.00, Aðalgötu 14, Siglufirði.
kl. 20.30, Félagsheimilinu Hofsósi.
Komið og spjallið um pólitík og komandi kosningar.
Frambjóðendur

iR InterRent
BÍLALEIGA
Útibú í kringum landið
REYKJAVIK: 91-31815/686915
AKUREYRI: 96-21715/23515
BORGARNES: 93-7618
BLÖNDUÓS: 95-4350/4568
SAUÐÁRKRÓKUR: 95-5913/5969
SIGLUFJÖRÐUR: 96-71489
HÚSAVÍK: 96-41940/41594
EGILSSTAÐIR: 97-1550
VOPNAFJÖRÐUR: 97-3145/3121
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR: . 97-5366/5166
HÖFN HORNAFIRÐI: 97-8303
interRent

case IH

VÉLAR & ÞJÓNUSTA HF
Járnhálsi 2 Sími 83266 110 Rvk.
Pósthólf 10180

DAGBÓK



Nokkrir félagar í FÍM við uppsetningu sýningarinnar. (Tímamynd Sverrir)

Sýning FÍM á Kjarvalsstöðum – Ókeypis er á sýninguna

Samsýning Félags íslenskra myndlistarmanna stendur nú yfir í austursal Kjarvalsstaða og verður hún opin daglega kl. 14:00-22:00 fram til 29. mars.

Sú nýbreytni hefur átt sér stað á sýningarhaldi FÍM, að nú er sýnt að vorlagi í stað hinna árlegu Haustsýninga og mun félagið hafa þann háttinn á annað hvert ár. Því hefur sýningin hlotið nafnið TVÍÆRINGUR FÍM og mun væntanlega ganga undir þessu heiti í náinni framtíð.

Í Félagi íslenskra myndlistarmanna eru liðlega eitt hundrað listamenn úr flestum greinum myndlistar. „Félagið hefur eflst mjög á undanförnum árum og bætast stöðugt nýir og efnilegir myndlistarmenn í hópinn", segir í fréttatilkynningu frá FÍM.

Tekið er fram, að aðgangur að sýningunni er ókeypis.

MF Massey Ferguson
VARAHLUTIR

• STERKARI
• ÖRUGGARI
• ÓDÝRARI
BÚNAÐARDEILD SAMBANDSINS
ÁRMÚLA 3 REYKJAVÍK SÍMI 38900


„Þjóðarátak": Símaráðgjöf og upplýsingar viðkomandi krabbameini

Í framhaldi af „Þjóðarátaki" 1986 mun Krabbameinsfélagið nú auk þjónustu við almenning. Frá og með 16. mars n.k. verður símatími alla virka daga frá kl. 9.00-11.00 í síma 91-21122. Þar með gefst landsmönnum tækifæri til að hringja og fá upplýsingar og ráðgjöf um það er viðkemur krabbameini. Munu hjúkrunarfræðingarnir Hjördís Jóhannesdóttir og Bryndís Konráðsdóttir vera við símann, svara fyrirspurnum og veita ráðgjöf, m.a. leiðbeina fólki við að ná fundi annarra sérfræðinga þegar ástæða er til.

Vetrarfagnaður F.Í.

Ferðafélag Íslands efnir til Vetrarfagnaðar í Risinu, Hverfisgötu 105, föstud. 20. mars. Fordrykkur verður borinn fram kl. 19.30. Borðhald hefst kl. 20.00. „Glens og grín" sem félagsmenn sjá um verður á dagskrá. Hljómsveit leikur fyrir dansi. Veislustjóri verður Árni Björnsson þjóðháttafræðingur. Aðgöngumiðar eru um leið happdrættismiðar.

Miðar verða seldir alla daga á skrifstofu F.Í.




Bubbi Morthens er forsprakki „Blúshundanna".

Jazzvakning

Á morgun, miðvikudaginn 18. mars kl. 21:00, heldur Jazzvakning djass- og blúskvöld á Hótel Borg.

Meðal þeirra sem koma fram eru: „Blúshundar", sem koma nú fram í fyrsta sinn. En það er Bubbi Morthens sem er forsprakki þeirra. Einnig leikur þarna hið sígilda djass-tríó Guðmundar Ingólfssonar. Nú fá menn einnig að heyra í hljómsveitinn Súld, sem sló í gegn á síðustu tónleikum Jazzvakningar á Borginni.



TM-miðstöðin kynnir „Innhverfa íhugun"

Um síðustu mánaðamót tók til starfa ný kennslumiðstöð í Reykjavík, TM-miðstöðin í Garðastræti 17. Þar verða haldin námskeið og fyrirlestrar í svonefndri TM-tækni (Transcendental Meditation Technique) eða Innhverfri íhugun, eins og tæknin hefur verið nefnd hér á landi.

TM-tæknin hefur verið kennd milljónum manna um allan heim, en hér á landi hafa um 2000 Íslendingar sótt byrjendanámskeið á vegum Íslenska íhugunarfélagsins frá 1985.

Næsta byrjendanámskeið á vegum TM-miðstöðvarinnar hefst með kynningarfyrirlestri fimmtudag, kl. 20.30.

Skrifstofa TM-miðstöðvarinnar er opin alla virka daga kl. 14.00-17.00, og þar er hægt að fá allar upplýsingar um starfsemina, og einnig í síma 16662. Forstöðumaður TM-miðstöðvarinnar er Ari Halldórsson.

Lokað

Lokað verður eftir hádegi í dag, þriðjudaginn 17. mars hjá Rafmagnseftirliti ríkisins Síðumúla 13, vegna jarðarfarar dr. Jakobs Gíslasonar fyrrverandi orkumálastjóra

Rafmagnseftirlit ríkisins.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og jarðarför

Sigurgeirs Þórðarsonar
Brautarási 10
Reykjavík

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Þórður Kristjánsson	**Sigmar Hróbjartsson**
Aðalsteinn Sigurgeirsson	**Lea H. Björnsdóttir**
Sigríður Sigurgeirsdóttir	**Ragnar Jónasson**
Hansína Sigurgeirsdóttir	**Sveinbjörn Herbertsson**
Þórkatla Sigurgeirsdóttir	**Ragnar Tryggvason**
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	**Sigursteinn Gunnarsson**

og systkinabörn

†

Alúðarþakkir sendum við þeim fjölmörgu, sem sýndu

Bjarna Vilhjálmssyni,
fyrrverandi þjóðskjalaverði

virðingu sína og okkur samúð og hlýju við andlát hans og jarðarför.

Kristín Eiríksdóttir

Kristín Bjarnadóttir	**Halldór S. Magnússon**
Elísabet Bjarnadóttir	**Jón H. Stefánsson**
Eiríkur Bjarnason	**Guðrún Hauksdóttir**
Vilhjálmur Bjarnason	**Auður María Aðalsteinsdóttir**

barnabörn og systkini hins látna

†

Maðurinn minn,

Einar Erlendsson
frá Vík í Mýrdal,

andaðist á Borgarspítalanum 13. mars.

Þorgerður Jónsdóttir

Gengisskráning

16. mars 1987 kl. 09.15

	Kaup	Sala
Bandaríkjadollar	39,220	39,340
Sterlingspund	61,889	62,0729
Kanadadollar	29,734	29,824
Dönsk króna	5,6458	5,6631
Norsk króna	5,6452	5,6625
Sænsk króna	6,0849	6,1035
Finnskt mark	8,6636	8,6901
Franskur franki	6,3840	6,4035
Belgískur franki BEC	1,0262	1,0293
Svissneskur franki	25,3687	25,4463
Hollenskt gyllini	18,8133	18,8708
Vestur-þýskt mark	21,2494	21,3144
Ítölsk líra	0,02990	0,02999
Austurrískur sch	3,0226	3,0319
Portúg. escudo	0,2764	0,2772
Spánskur peseti	0,3027	0,3036
Japanskt yen	0,25748	0,25826
Írskt pund	56,732	56,905
SDR þann 13.03	49,4701	49,6214
Evrópumynt	44,0911	44,2260
Belgískur fr. fin.	1,0212	1,0243
Samt. gengis 001-018	290,34518	291,23245